

2.fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps haldinn í fundarherbergi stjórnsýsluhúsins á Borg fimmtudaginn 18. október 2010, kl. 16:30.

Mættir:

Guðný Tómasdóttir, Benedikt Gústavsson, Hilmar Björgvinsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Hallveig Ingimarsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir og Ingibjörg Harðardóttir.

1. **Skólanámskráin**

Skólastjóri fer yfir skólanámskránnu og umræður sköpuðust í framhaldi af því. Eitt eintak af námskránni þ.e. leiðarvísni um skólastarfið verður sent inn á hvert heimili hjá skólabarni. Framvegis verða aðeins sendar heim almennar upplýsingar og viðbætur.

2. **Reglur Kátuborgar**

Umræður um hvort þurfi að breyta reglum í leikskólanum Kátuborg. Þá aðallega 12. gr. um að það verði eitthvað fast form á því hvort greiða þurfi fyrir þau börn sem taka sér stutt frí frá leikskólanum eins og til dæmis lengra sumarfrí en þær 6 vikur sem leikskólinn lokar. Fræðslunefnd vísar því til sveitarstjórnar að hún taki ákvörðun um hvernig greiðslum verði háttað í fríum leikskólabarna.

3. **Spurningakönnun**

Fyrirhugað er að senda út skoðanakönnun á vegum sveitarfélagsins til ákveðins hóps barna og foreldra sem farið hafa í skóla í Reykholti og þá sem fara þangað næstu árin. Markmiðið er að fá örlitla hugmynd um álit foreldra og barna á þessu máli. Sveitarstjóra er falið að hafa samband við Skólaskrifstofu Suðurlands vegna spurningakönnunarinnar, gera bréf sem sent verður með könnuninni og senda hana út.

4. **Undirskrift þagnaryfirlýsingu**

Fulltrúar og áheyrnarfulltrúar skrifuðu aklir undir þagnaryfirlýsinguna.

5. **Önnur mál**

Guðný ssótti ráðstefnu á Akureyri 1. október s.l. Samstarf og samræða allra skólastiga. Guðný segir örlítið frá þessari ráðstefnu sem var mjög fræðandi og skemmtileg.

Fundi slitið kl. 18:55